



Fundargerð

1390. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
27. október 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Helga Jóhanna Oddsdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll, Helga Jóhanna Oddsdóttir sat fyrir hana.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2023-2026 (2022080148)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn. Lögð voru fram til kynningar drög að fjárhagsáætlun 2023 til 2026 A hluta.

2. Beiðni um viðbótarfjármagn vegna vistunarúrræðis (2022060418)

Ólafur Garðar Rósinkarsson teymisstjóri í málefnum fatlaðra mætti á fundinn og lagði fram greinargerð vegna beiðni um viðbótarfjármagn vegna aukins kostnaðar við vistunarúrræði kr. 12.000.150.

Bæjarráð frestar afgreiðslu.

3. Beiðni um fjármagn vegna beingreiðslusamnings (2020010392)

Ólafur Garðar Rósinkarsson teymisstjóri í málefnum fatlaðra mætti á fundinn og lagði fram beiðni um fjármagn til að hefja beingreiðslusamning kr. 1.292.970.

Bæjarráð frestar afgreiðslu.

4. Jafnlaunastefna Reykjaneshæjar (2022100384)

Bæjarráð vísar Jafnlaunastefnu Reykjaneshæjar til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

5. Fjármagn til stuðnings þróunar ferða- og umhverfismála á Suðurnesjum (2022100109)

Lagt fram erindi frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Bæjarráð tekur heilshugar undir framlagt erindi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

6. Viðhald gróðurs í beitarhólfi í Krísuvíkurlandi – ósk um fjármagn (2022100460)

Lagt fram bréf frá Fjáreigendafélagi Grindavíkur um styrk til uppgræðslu beitarhólfs kr. 500.000.

Bæjarráð hafnar erindinu að þessu sinni.

7. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Suðurnesja bs. 10. september og 19. október 2022 (2022020957)

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

8. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. október 2022 (2022010311)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Umsagnarmál í samráðsgátt (2022010082)

- a. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum - [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3315](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3315)

Lagt fram umsagnarmál.

Bæjarráð vísar málinu til Gunnars Kristins Ottóssonar skipulagsfulltrúa til frekari skoðunar.

10. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)

- a. Tillaga til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 231. mál. - <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0232.pdf>
- b. Tillaga til þingsályktunar um flutning Útlendingastofnunnar til Reykjanesbæjar, 40. mál. - <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0040.pdf>

Lögð fram umsagnarmál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40